

Fundargerð

Fimmti fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland í Flatey

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Umhverfisstofnunar og í Teams fjarfundarbúnaði, mánudaginn 6. mars 2023 kl. 12:30.

Fundarmenn:

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, Umhverfisstofnun
Edda Kristín Eiríksdóttir, Umhverfisstofnun
Hafsteinn Guðmundsson, fulltrúi íbúa í Flatey
Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppur
María Gestsdóttir Framfarafélag Flateyjar
Svava Sigurðardóttir, Framfarafélag Flateyjar

Fundarefni

- Svar umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins við fyrirspurn Umhverfisstofnunar um uppsetningu drónabannsskilta og landingar þyrla utan friðlands
- Framhald yfirferðar á drögum áætlunarinnar
- Aðgerðaráætlun
- Kynningartími og þörf á kynningarfundum
- Uppsetning áætlunarinnar
- Önnur mál

Afgreiðsla fundar

1. Uppsetning verndaráætlunar og útlit eins og hún mun líta út í lokaútgáfu var kynnt fyrir fundarfólki.
2. Fjallað var um þau svör sem Umhverfisstofnun bárust frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti við fyrirspurn stofnunarinnar um uppsetningu drónaskilta við höfnina í Flatey og regluverk um þyrlulendingar utan friðlands.
 - Niðurstaðan varðandi drónaskiltin er sú Umhverfisstofnun kemur fyrir drónabannskiltum við friðlandsmörk en almennar reglur gilda áfram utan friðlands. Skv. aðgerðaáætlun skal setja upp upplýsingaskilti við höfnina í Flatey árið 2024 í samstarfi Umhverfisstofnunar, Reykhólahrepps og Framfarafélags Flateyjar, á því verða drónareglur í Flatey allri tíundaðar frekar og dregnar fram.

- Varðandi þyrlulendingar er hvorki fjallað um þær í verndaráætlun Breiðafjarðar né skýrslu Breiðafjarðarnefndar „Framtíð Breiðafjarðar“ útg. 2021. Um þessar mundir er að störfum starfshópur sem vinna á sviðsmyndir um framtíð verndunar og nýtingar á Breiðafirði en ekki liggur fyrir hvort sú vinna leiði til endurskoðunar laga um Breiðafjörð. Áætlað er að hópurinn skili tillögum til ráðherra í júní 2023.
3. Kallað var eftir athugasemdum á þeim drögum verndaráætlunar sem nú eru á borðinu. Hópurinn hafði ekki athugasemdir. Einnig var farið yfir aðgerðaáætlun og sérreglur. Fjallað var um hvort halda ætti opinn kynningarfund um áætlunina og auglýsa hann sérstaklega. Niðurstaðan varð sú að halda rafrænan kynningarfund þegar drögin hafa verið sett í kynningu og auk hefðbundins ferlis að auglýsa hann á heimasíðum Umhverfisstofnunar og Reykhólahrepps og samfélagsmiðlum eftir því sem við á auk þess sem Framfarafélag Flateyjar mun auglýsa fundinn meðal sinna félagsmanna.
 4. Önnur mál: Farið var yfir lokahönnun þriggja nýrra fræðsluskilta sem ráðgert er að skipta út fyrir eldri skilti sem orðin eru léleg sumarið 2023.

Niðurstaða fundar og næstu skref

Umhverfisstofnun mun klára uppsetningu stjórnunar- og verndaráætlunar, senda samstarfshópnum til yfirlestrar og í kjölfarið setja áætlunina í sex vikna kynningarferli. Stofnunin mun, í samstarfi við samstarfshópinn, finna heppilegan fundartíma fyrir kynningarfund.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:20.